

D Ó M U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 20. júní 2007 í máli nr. S-345/2006:

Ákærvaldið

(Björn Hrafnkelsson fulltrúi)

gegn

Valdimari Trausta Ásgeirssyni

(Guðmundur Ágústsson hdl.)

A

Mál þetta, sem þingfest var 7. febrúar 2007 og dómtekið 10. maí sl., er höfðað af lögreglustjóranum á Blönduósi með ákæru dagsettri 21. desember 2006 á hendur Valdimari Trausta Ásgeirssyni, fæddum 21. apríl 1965, til heimilis að Auðkúlu 1, Blönduósi, „fyrir eftirtalin brot gegn almennum hegningarlögum:

I

Fyrir húsbrot, með því að hafa að kvöldi fimmtudagsins 15. júní 2006, um kl. 22:30, ruðst inn í íbúðarhús Halldórs Guðmundssonar, kt. 210465-2949 og Nönnu Sigríðar Guðmannsdóttur, kt. 300851-2319, að Holti í Húnavatnshreppi, 541 Blönduósi, og haft þar í hótunum við heimilisfólk.

Telst þetta varða við 231. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 123. gr. 1 nr. 82/1998.

II

Fyrir líkamsárás, með því að hafa að kvöldi sama dags, upp úr kl. 22:30, veist að Jóhanni Guðmundssyni, kt. 100446-3249, við íbúðarhús hans að Holti í Húnavatnshreppi, 541 Blönduósi, og þrifið í skyrtu hans, þar sem hann stóð í dyragættinni að húsinu, og dregið hann með sér niður steintröppur, yfir tréfall og fram á hlað þar sem hann lagðist með annað hnéð yfir brjóstkassa hans.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

III

Fyrir líkamsárás, með því að hafa skömmu seinna sama kvöld, þegar ákærði skoðaði verksummerki eftir tvo hunda sem skotnir voru eftir að hafa bitið lömb til ólífis, sunnan fyrir túnin að bænum Holti, veist að Björgu Helgadóttur, kt. 200947-2159 og hrint henni svo að hún féll í jörðina með þeim afleiðingum að hún hlaut brot á efri hluta sköflungsbeins og tognun og eymsli á miðlægu hliðarbandi í hné.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 11. gr. l. nr. 20/1981 og 111. gr. nr. 82/1998.

IV

Fyrir líkamsárás, með því að hafa í framhaldi af síðastgreindri líkamsárás, veist aftur að Jóhanni Guðmundssyni, sunnan fyrir túnin á bænum Holti, og skellt honum í jörðina en afleiðingar líkamsárása ákærða á Jóhann voru þær að hann hlaut þreifíeymsli við viðbein hægra megin og hrufilsár á hægra hné auk þess sem hann marðist og hlaut lítilsháttar rispur á vinstra herðablaði.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar.“

B

Málavextir

Samkvæmt frumskýrslu lögreglunnar á Blönduósi var hinn 15. júní 2006 óskað eftir því að lögreglan kæmi að býlinu Holti í Svínavatnshreppi vegna dýrbíta. Í Holti er tvíbýli og þar búa ásamt eiginkonum sínum bræðurnir Halldór og Jóhann Guðmundssynir. Á vettvangi var lögreglu vísað á tvo dauða hunda sem Halldór Guðmundsson kvaðst hafa skotið. Lögreglumanninum var sagt að hundarnir væru frá bæjunum Auðkúlu 1 og Auðkúlu 2 en hundarnir voru sagðir valdir að dauða nokkurra lamba. Á staðnum var þess óskað að lögreglumaðurinn tilkynnti ákærða um atburðinn. Lögreglumaðurinn fór á heimili ákærða og hitti þar fyrir húsfreyju og skýrði málið fyrir henni. Nokkru síðar hafði Jóhann Guðmundsson samband við lögreglu og lét vita af heimsókn ákærða til þeirra bræðra. Í frumskýrslu lögreglu er lýsing atburða höfð eftir Jóhanni og þar kemur fram að ákærði hafi ruðst inn á heimili Halldórs og síðan hafi hann komið á heimili Jóhanns og m.a. dregið Jóhann niður tröppur fyrir utan húsið. Hann hafi heimtað að fá hund sinn afhentan og Jóhann hafi farið með ákærða og vísað honum á hundinn. Ákærði hafi síðan ráðist að Björgu Helgadóttur, eiginkonu Jóhanns, og síðar einnig aftur að Jóhanni. Í skýrslunni er tekið fram að Jóhann ætli að leggja fram kærú á hendur ákærða vegna þessa.

Hinn 25. júní 2006 komu Jóhann Guðmundsson og Björg Helgadóttir á lögreglustöðina á Blönduósi í þeim tilgangi að leggja fram kærú á hendur ákærða jafnframt því sem þau áskildu sér rétt til fébóta úr hendi ákærða. Við komuna á lögreglustöðina lögðu þau hjónin fram það sem þau kalla „Greinargerð vegna

atburða sem urðu í Holti 15. júní 2006.“ Formleg lögregluskýrsla var ekki tekin af þeim hjónum, hvorki í þetta sinn né síðar. Ákærði mætti samkvæmt boðun til skýrslutöku hjá lögreglu hinn 20. júlí 2006. Honum var kynnt sakarefnið sem líkamsárás gagnvart hjónunum Jóhanni Guðmundssyni og Björgu Helgadóttur. Hann kaus að tjá sig ekki um málið.

Gylfi Þormar læknir ritaði vottorð varðandi Björgu Helgadóttur. Í vottorðinu kemur fram að Björg hafi leitað til læknisins hinn 16. júní 2006. Þá hafi hún stungið við með vinstra fæti og haltrað. Við þreifingu hafi komið fram eymsli um hnélið en þó sýnu mest yfir miðlægu hliðarliðbandi. Krossbönd hafi virst heil. Tekin hafi verið röntgenmynd en engin brot hafi sést. Hinn 22. júní kom Björg aftur til læknisins og var þá frekar á batavegi. Við skoðun hafi hún enn verið með eymsli yfir hliðarliðbandi en engin merki hafi verið um rof á liðböndum og hreyfiferill hafi verið nánast eðlilegur. Viku síðar hafi Björg enn verið á batavegi en þó með verki umhverfis liðband og því hafi verið ákveðið að gera segulómmynd af hnénu á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Í vottorði sínu tekur læknirinn beint upp svohljóðandi svar sjúkrahússins á Akureyri: „Teknar eru hefðbundnar myndaraðir án gadolinum styrkingar. Talsverðar hásignalbreytingar í beinmerg/beinmar í öllum condylus lateralis femoris. Það má sjá niðrpressað brot aftantil í laterala tibiacondyl ca 2x2.5 cm að stærð og er brotflásinn niðrpressaður um 1-2 mm. Það er aukið vökvamagn í lið sem leggst upp í suprapatellar bursa. Báðir meniscar heilir. Fremra og aftara krossband heil. Hliðarbönd heil. Diffuse hásignalbreytingar/mar í mjúkvefjum pariarticulert. Mælt með TS rannsókn af hné til frekari glöggvunar.“ Í svari röntgendeildar Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna tölvusneiðmyndar af hné segir svo: „Eins og sást af nýlegri segulómrannsókn er vompressions fraktura aftan til á latera tibia condyl. Svæðið er 2x1 cm að stærð og pressað niður um 2-3 mm. Þetta compressionssvæði er rétt yfir fibulahaussnum. Það má sjá smábrot fragment alveg í jaðri svæðisins posteriort. Önnur áverkamerki greinast ekki.“ Það er síðan niðurstaða læknisins að Björg hafi við áverkann hlotið brot á efri hluta sköflungsbeins og tognun á miðlægu hliðarliðbandi.

Sami læknir ritaði vottorð um áverka Jóhanns Guðmundssonar sem leitaði til hans 16. júní 2006. Í vottorði læknisins kemur fram að Jóhann hafi lýst því að hann hafi verið með stöðugan verk hægra megin um ofanverðan brjóstkassa og leiði verk aftur í herðablað sömu megin. Verkurinn aukist við djúpa öndun og þá hafi hann tak við hreyfingar á öxl. Sýnilegum áverkum Jóhanns lýsir læknirinn þannig að hann hafi verið með nýlegt hrufl og lítilsháttar rispúr með roða á vinstra herðablaði á um 6x7 cm svæði. Hruflsár hliðlægt á hægra hné í hæð við nærenda dálkbeins 1-2 cm að stærð. Þreifieymsli í brjóstkassa í miðviðbeinslínu hægra megin rétt neðan geirvörtu. Óbein eymsli leiða þangað við þrýsting á brjóstkassa og öndun en lungnahlustun hafi verið hrein. Í vottorðinu kemur fram að ekki sé hægt að útiloka sprungu í rifbeini en þó sé ekki hægt að fullyrða að svo hafi verið. Við síðari komu lýsti Jóhann marbletti á rasskinn hægra megin sem ekki var kominn fram við fyrstu skoðun.

C

Framburður fyrir dómi.

Ákærði kvaðst hafa komið að Holti ásamt syni sínum að kvöldi 15. júní 2006 í þeim tilgangi að sækja hund í hans eigu sem hafði verið drepinn. Hann bar að lögreglan hefði greint frá því hvers vegna hundurinn var drepinn en þessi hundur hefði aldrei áður sýnt af sér neina háttsemi í þessa átt. Ákærði kvaðst hafa farið að heimili Halldórs Guðmundssonar og bankað þar upp á. Nanna, eiginkonan Halldórs, hafi komið til dyra og opnað og hann hafi farið inn í anddyrið. Ákærði kvað Nönnu ekki hafa amast við því að hann stigi inn fyrir dyrnar. Nanna hafi sagt að Halldór væri ekki heima en hann hafi vitað betur, enda séð til hans skömmu áður. Ákærði neitaði því alfarið að til einhverra átaka hafi komið milli sín og Nönnu. Eftir þetta hafi hann farið að heimili Jóhanns Guðmundssonar þar sem hann hafi ekki fengið upplýsingar um það hvar hundurinn var hjá Halldóri. Ákærði kvaðst ekki hafa viljað láta hundinn liggja dauðan á víðavangi um nóttina.

Ákærði játaði skýlaust háttsemi þá sem greinir í II. tölulið ákæru. Hann kvaðst hafa komið heim til Jóhanns og hitt hann á tröppunum og spurt um hundinn en Jóhann hafi þá sagt honum að það stæði ekki til að afhenda honum hundinn. Hann hafi spurt Jóhann hvers vegna ekki var talað við hann eða hans fólk þannig að þau hefðu einhverja möguleika á að stoppa hundana og hvort ekki hefði mátt hrekja þá heim í stað þess að skjóta þá. Jóhann hafi þá byrjað niðrandi ræðuhöld og sagt að hann væri í fullum rétti með að skjóta hundana. Ákærði bar að við þetta hafi fokið í sig og hann hafi þá tekið í skyrtu Jóhanns og dregið hann eins og lýst er í ákærinni.

Eftir þau átök sem lýst er í ákærulið II hafi Jóhann fallist á að koma með honum og sækja hundinn en í fyrstu hafi hann ekki viljað gera það. Þegar þeir komu að hundunum hafi þeir séð nokkur dauð lömb. Björg, eiginkona Jóhanns, hafi verið mjög æst og látið ófriðlega, hún hafi hvatt þá feðga mjög til að horfa á dauðu lömbin jafnframt því sem hún hafi „hrifsað eitthvað í strákinn og skipað honum að horfa á þetta“ eins og ákærði komst að orði. Ákærði kvaðst ekki hafa séð neinn tilgang í því að drengurinn væri að horfa á dauð lömb. Ákærði kvaðst hafa sagt Björgu að hann sæi ekki sérstakan tilgang í því að strákurinn horfði á lömbin þar sem skaðinn væri skeður. Ákærði kvaðst hafa verið reiður á þessum tímamarki þar sem ljóst hafi verið að hundurinn hafi verið skotinn oftast en einu sinni og greinilega af löngu færi. Auk þess hafi það valdið nokkrum harmi á heimili hans að búið var að skjóta heimilishundinn. Ákærði neitaði alfarið að hafa ráðist að Björgu á þessum tíma og taldi að hún hefði dottið í þýfinu sem þarna var en það hafi ekki verið af hans völdum, enda hafi hann ekki snert hana eða Jóhann, bónda hennar, á þessum tíma. Ákærði kvaðst hafa séð 6 dauð lömb en hann hafi greitt bætur sem svara til helmings andvirðis 15 lamba, enda verið krafinn um það, en hann einungis átt annan hundinn.

Vitnið Halldór Guðmundsson kvaðst hafa skotið hundana tvo af tiltölulega stuttu færi og hæft þá strax en það hafi verið Björg, mágkona hans, sem lét hann vita af atburðinum. Meðan hann var á svæðinu hafi fleira fólk komið að, meðal annars drengur frá Auðkúlu 2 og faðir hans, og þá hafi Björg, mágkona hans, einnig komið og síðar Jóhann, bróðir hans. Vitnið kvaðst hafa látið Jóhanni það eftir að ákveða hvað gert yrði í málinu þar sem hann hafi átt nánast allt féð sem þarna var. Í framhaldi af þessu hafi lögreglumaður komið á vettvang. Vitnið kvaðst hafa farið heim til sín eftir þetta og kona hans og sonur hafi tjáð honum að ákærði hefði komið meðan hann var í sturtu. Þau hafi sagt honum hvað gerðist þegar ákærði kom en hann hafi ekki orðið var við komu ákærða. Vitnið bar að kona hans hafi sagt

honum að ákærði hefði barið hressilega að dyrum og hún opnað og þá hafi ákærði ruðst inn. Vitnið kvaðst ekki vita hvers vegna eiginkona hans ákvað að segja að hann væri ekki heima þegar ákærða bar að garði.

Vitnið Nanna Sigríður Guðmannsdóttir bar að nokkru eftir að hún frétti af því að hundar hefðu farið í fé á bænum hafi ákærði komið að heimili hennar og knúið dyra. Hún hafi farið til dyra og um leið og hún opnaði dyrnar hafi ákærði hrint hurðinni upp, ruðst inn og spurt um Halldór. Hún hafi sagt ákærða að hann væri ekki heima en hann hafi verið í sturtu og hún hafi ekki viljað að ákærði færi til hans. Vitnið bar að ákærði hafi verið mjög æstur og farið ófögrum orðum um ábúendur á Holti en henni hafi orðið bilt við. Vitnið bar að ákærði hefði komið óboðinn inn í forstofuna og ætlað sér lengra inn í húsið en hún hafi komið í veg fyrir það. Vitnið kvaðst ítrekað hafa sagt ákærða að bóndi hennar væri ekki heima í von um að hann myndi hverfa á braut og það hafi hann gert, en áður en hann gerði það hafi hann tvisvar til þrisvar sinnum tekið í öxlina á henni og ýtt við henni. Vitnið bar að sonur ákærða hefði verið með honum í för og hann hafi einnig komið inn í húsið. Þá kvað hún son sinn einnig hafa verið þarna.

Vitnið Jóhann Guðmundsson kvaðst hafa verið á Blönduósi þegar hundarnir fóru í féð. Þegar hann kom heim hafi verið búíð að finna nokkur dauð lömb og nokkur særð. Hann kvaðst hafa haft samband við lögreglu til þess að gefa skýrslu um málið. Vitnið bar að eftir að lögreglan hafi verið farin af vettvangi hafi ákærði komið að heimili hans. Vitnið kvaðst ekki muna vel orðaskipti við ákærða á tröppunum fyrir framan heimili vitnisins en hann bar að ákærði hefði verið mjög æstur. Vitnið sagði að hann hafi alltaf verið tilbúinn að vísa ákærða á hundinn en hvort hann var búinn að því áður en ákærði réðst að honum mundi vitnið ekki en taldi þó að hann hefði verið búinn að segja ákærða að hundurinn væri ekki heima hjá honum. Þá lýsti vitnið því sem fellur undir ákærulið II. Hann kvaðst hafa hlotið eymsl við árás ákærða. Vitnið kvaðst aldrei hafa staðið í vegi fyrir því að ákærði fengi hundinn sinn afhentan og eftir árás ákærða hafi hann ásamt eiginkonu sinni farið með ákærða suður fyrir tún og vísað honum á hundana. Vitnið bar að Björg, eiginkona sín, hafi hvatt ákærða mjög með hvössum rómi en án stóryrða til að horfa líka á lömbin. Ákærði hafi brugðist mjög illa við þessu. Hann hafi hent frá sér hundinum sem hann var með í fanginu og hlaupið á Björgu og hrint henni. Við þetta hafi Björg dottið aftur fyrir sig og til vinstri hliðar. Vitnið kvaðst þá hafa sennilega sagt við ákærða að hann væri skítlegt lítilmenni en þá hafi ákærði ráðist að honum. Vitnið bar að hann hafi verið viðbúinn árásinni og hann hafi því staðið aðeins á móti ákærða en þegar hann fann mikinn verk í síðunni hafi hann leyft ákærða að leggja sig niður. Þessi árás hafi ekki orðið honum að meini því hann hafi ekki meiðst neitt við hana umfram það sem áður var. Eftir þetta hafi ákærði farið af vettvangi og sonur hans með honum en hann hafi verið þarna allan tímann en ekki haft sig mikið í frammi. Vitnið kvaðst hafa haft samband við lögreglu símleiðis eftir þetta og daginn eftir hafi þau hjón leitað til læknis. Vitnið kvaðst hafa jafnað sig nokkuð fljótt af þeim meiðslum sem hann varð fyrir en hann hafi verið með marbletti víða um líkamann og hugsanlega brákað rifbein. Vitnið bar að ekki hafi verið sérstakir kærleikar milli sín og ákærða fyrir þennan atburð. Ákærði hafði kvartað undan því að fé vitnisins hefði farið í túnið hjá honum.

Vitnið Björg Helgadóttir kvað ákærða hafa komið að heimili hennar umrætt kvöld. Jóhann, eiginmaður hennar, hafi farið til dyra en hún hafi séð milli stafs og hurðar að bóndi hennar lá flatúr fyrir utan en hún hafi ekki farið út meðan ákærði

rédist að Jóhanni. Eftir átökin hafi Jóhann beðið hana um að koma með sér og ákærða suður fyrir tún en ákærði hafði beðið um að fá hund sinn afhentan. Vitnið bar að ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að afhenda ákærða hundinn. Vitnið greindi frá því að þegar þau komu á staðinn þar sem lömbin og hundarnir voru hafi ýmis orð gengið á milli þeirra en hún hafi á þessum tíma verið orðin æst og það hafi ákærði líka verið. Sonur ákærða hafi verið með honum í för og hann hafi viljað taka báða hundana og þau hjón hafi ekki staðið í vegi fyrir því. Vitnið kvað ákærða hafa tekið annan hundinn í fangið en allt í einu hafi hann hent hundinum og rokið að henni og sett höndina framan á hana og hrint henni í þúfurmar. Hún kvaðst hafa staðið á fætur en verið með verki í vinstra hné. Jóhann hafi þá haft einhver orð við ákærða um að hann rédist að konu og þá hafi ákærði snúið sér að honum og sett hann milli þúfna líka. Vitnið kvað ákærða hvorki hafa slegið hana né Jóhann. Hún sagðist hafa farið til læknis daginn eftir atvikið og í framhaldi af því hafi hún farið í sjúkrahjálfun en þrátt fyrir það sé hún enn aum í hnénu.

Vitnið Ásgeir Ósmann Valdimarsson lýsti því að hann hafi ásamt föður sínum komið að heimili Nönnu og Halldórs og bankað upp á. Nanna hafi komið til dyra ásamt syni sínum og þá hafi faðir hans spurt hvort Halldór væri heima en þeim hafi verið sagt að svo væri ekki. Vitnið bar að nokkur orðaskipti hafi átt sér stað en þeir hafi staðið í dyragættinni. Eftir þetta hafi þeir haldið að heimili Jóhanns og Bjargar en hann mundi ekki hvort annað þeirra eða þau bæði komu til dyra. Jóhann hafi ekki viljað afhenda þeim hræin af hundunum og þá hafi faðir hans þrifið í Jóhann og togað hann niður tröppurnar og í framhaldi af því sett hnéd ofan á Jóhann og sagt honum að afhenda hræin af hundunum og þá hafi Jóhann samþykkt það. Eftir þetta hafi þeir farið út í móa þangað sem hundarnir voru og dauðu lömbin. Að sögn vitnisins var æsingur í fólki á þessum tíma og ófögur orð gengu á milli. Björg hafi verið með einhverja stæla og gengið utan í föður hans og hann hafi þá ýtt henni frá án þess að hún félli í jörðina en vitnið kvaðst ekki hafa séð nein átök þarna í móanum.

Vitnið Gylfi Þormar læknir kvað Björgu Helgadóttur hafa leitað til sín vegna verkja í vinstra fæti. Hann hafi skoðað hana og þá hafi hún verið með eymsli við hnjáliðinn. Á röntgenmynd hafi ekki sést nein brot. Hann hafi ákveðið að senda hana til frekari skoðunar á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri og þá hafi komið í ljós breytingar bæði í vefjum umhverfis liðinn og brot í sköflungsbeininu. Vitnið staðfesti vottorð sitt og taldi áverka þá sem þar er lýst vel geta samrýmst því að Björg hafi fallið aftur fyrir sig eða til hliðar þannig að í raun hafi neðri hluti fótleggjar setið eftir meðan búkurinn hafi fallið til hliðar. Við það hafi getað myndast ankannalegt álag þannig að lærleggsbeinið hafi gengið niður á sköflungsbeinið og brotið út úr efri hluta sköflungsbeinsins, en áverka sem þennan sé ekki unnt að kalla neitt annað en beinbrot. Við þennan áverka hafi komið óeðlilega mikið tog á liðbandið sem valdi tognun á því. Vitnið bar að ekki væri hægt að útiloka að beinbrotið hafi orðið á þeim tíma sem leið milli þess sem hann skoðaði Björgu í fyrsta og annað sinn.

Vitnið staðfesti einnig vottorð sem hann ritaði varðandi Jóhann Guðmundsson.

D

Niðurstaða

Ákærða er í fyrsta lagi gefið að sök að hafa ruðst inn í íbúðarhús Halldórs Guðmundssonar og Nönnu Sigríðar Guðmannsdóttur. Ákærði hefur staðfastlega neitað sök varðandi þennan þátt ákærunnar. Ákærði hefur viðurkennt að hafa stigið inn í anddyri hússins en neitar alfarið að hafa ruðst þar inn. Í málinu eru ekki önnur gögn sem styðja sakfellingu en framburður vitnisins Nönnu Sigríðar. Samkvæmt gögnum málsins var sonur Nönnu og Halldórs með henni þegar hún fór til dyra og upplýstist það strax og þau gáfu skýrslu hjá lögreglu en af honum hefur ekki verið tekin skýrsla við rannsókn málsins. Gegn staðfastri neitun ákærða verður hann ekki sakfelldur fyrir þennan lið ákærunnar.

Ákærði hefur játað háttsemi þá sem lýst er í öðrum lið ákærunnar. Játning hans er í samræmi við gögn málsins og er háttsemi hans réttilega færð til refsíákvæða í ákæru og er hann því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem þar er lýst.

Í þriðja lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa veist að Björgu Helgadóttur og hrint henni þannig að hún féll í jörðina með þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Framburður ákærða og vitna er rakinn hér að framan. Af framburði þeirra verður ráðið að nokkur orðaskipti áttu sér stað milli ákærða og sonar hans annars vegar og hjónanna Bjargar og Jóhanns hins vegar. Fullyrða má að þessi samskipti hafi ekki verið á vinsamlegum nótum, enda var slíkt óhugsandi miðað við það sem á undan var gengið. Ákærði hefur staðfastlega neitað sök varðandi þennan ákærulið. Vitnin Björg Helgadóttir og Jóhann Guðmundsson hafa bæði lýst því að ákærði hafi hrint Björgu og hún fallið til jarðar. Þá hefur vitnið Ásgeir Valdimarsson, sonur ákærða, einnig borið að ákærði hafi ýtt við Björgu þótt hann hafi ekki séð hana falla til jarðar. Í málinu liggur fyrir ítarlegt vottorð Gylfa Þormar læknis. Af því má ráða að Björg hefur orðið fyrir nokkrum áverkum. Þegar horft er til framburðar Bjargar, Jóhanns og Ásgeirs, vottorðs Gylfa Þormar og annarra gagna málsins þykir ekki óvarlegt að sakfella ákærða fyrir þá háttsemi sem lýst er í þriðja lið ákærunnar. Brotið er í ákæru réttilega heimfært til refsíákvæða.

Í fjórða lið ákærunnar er ákærða gefið að sök að hafa veist að Jóhanni Guðmundssyni fyrir sunnan túnin að bænum Holti og skellt honum í jörðina. Ákæran er þannig fram sett að meiðslunum sem Jóhann varð fyrir er lýst í einu lagi í lok fjórða liðar ákæru. Er því ekki greint á milli þeirra áverka sem hann kann að hafa orðið fyrir við árásina sem lýst er í öðrum lið ákærunnar og þeirra áverka sem kunna að hafa komið til við þá árás sem lýst er í fjórða lið ákæru. Áður er þess getið að ákærði hefur játað háttsemi þá sem lýst er í öðrum lið ákærunnar. Af framburði vitna verður varla annað ráðið en ákærði hafi veist að Jóhanni fyrir sunnan túnin að Holti. Framburður vitnanna verður þó varla skilinn á annan hátt en þann að ákærði hafi lagt Jóhann í jörðina í þetta sinn. Þegar tekið er mið af þeim átökum sem áður höfðu orðið milli ákærða og Jóhanns heima við íbúðarhúsið að Holti er afar líklegt að Jóhann hafi hlotið alla þá áverka sem lýst er í vottorði læknis og vísað er til í ákæru við þá árás. Verður hann því sýknaður af þessum lið ákærunnar.

Ákærði hefur einu sinni áður sætt refsingu en hann var á árinu 1999 dæmdur í eins mánaðar fangelsi skilorðsbundið til tveggja ára fyrir brot gegn 106. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og fyrir ölvun við akstur. Að teknu tilliti til 71. gr. nefndra hegningarlaga hefur brot þetta ekki áhrif á niðurstöðu máls þessa. Þá má horfa til niðurlagsákvæðis 3. mgr. 218. gr. a. nefndra hegningarlaga varðandi

ákærulið III. Að þessu virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð en fullnustu refsingarinnar skal frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með hliðsjón af því að ákærði hefur verið sýknaður af tveimur ákæruliðum og því að hann hefur frá upphafi meðferðar málsins fyrir dómi játað sök varðandi einn lið ákærunnar þykir rétt að hann greiði helming sakarkostnaðar. Samkvæmt yfirliti rannsóknara nam sakarkostnaður við rannsókn málsins 26.500 krónum. Málsvarnarlaun verjanda ákærða, Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns, þykja hæfilega ákveðin 199.200 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti. Loks telst ferðakostnaður verjanda að fjárhæð 33.320 krónur til sakarkostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds sótti málið Björn Hrafnkelsson, fulltrúi lögreglustjórans á Blönduósi.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp dóm þennan. Dómsuppsaga hefur dregist vegna anna dómarans.

DÓMSORÐ

Ákærði, Valdimar Trausti Ásgeirsson, sæti fangelsi í einn mánuð en fullnustu refsingarinnar er frestað og skal hún niður falla að liðnum tveimur árum haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði helming 259.020 króna sakarkostnaðar, þar með talin 199.200 króna málsvarnarlaun Guðmundar Ágústssonar héraðsdómslögmanns. Málsvarnarlaun innifela virðisaukaskatt.

Halldór Halldórsson